

Sp.

419. Breytingartillögur

[1. mál]

við frv. til fjárlaga fyrir árið 1986 og brtt. á þskj. 364.

Frá fjárveitinganefnd.

1. Við brtt. á þskj. 364, 5. Liðurinn orðist svo:
Við 6. gr. 3.27. Liðurinn orðist svo:
Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af fjárfestingarvörum til nota við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskirækt. Enn fremur að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af byggingarefni og sölugjald af jarðvinnu vegna framkvæmda við loðdýrarækt, loðkanínurækt, fiskeldi, hafbeit og fiskirækt. Ofangreind heimild nær einnig til endurgreiðslu vegna framkvæmda á árinu 1985. Ofangreind heimild nær ekki til bifreiða og gaffallyftara. Fjármálaráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd þessarar heimildar.
2. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af aðaldælu fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja.
 - b. Að fella niður eða endurgreiða aðflutningsgjöld og sölugjald af vögnum og kerrum fyrir fleirbura.
3. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að kaupa fasteignina Dílahæð 3 í Borgarnesi fyrir heilsugæslulækni og taka til þess nauðsynleg lán.
 - b. Að kaupa fasteignina Miðtún 7 á Seyðisfirði fyrir heilsugæslulækni og taka til þess nauðsynleg lán.
4. Við 6. gr. Nýir liðir:
 - a. Að greiða hluta af kostnaði við umbætur á Víknaleið í Ljósavatnshreppi.
 - b. Að semja við sóknarnefnd Nauteyrarkirkju um uppgjör vegna afhendingar kirkjunnar.